



902. fundur stjórnar GSÍ, 10. september 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón B. Stefánsson, Gunnar K. Gunnarsson, Hörður Geirsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jón S. Árnason, Hulda Bjarnadóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (901)

Samþykkt og undirrituð

2. Stjórnarfundur EGA í lok ágúst

Haukur Örn sagði frá fundi EGA sem fram fór í Finnlandi nýverið og gerði grein fyrir helstu umræðum á fundinum. Má þar nefna þær auknu kröfur sem golfsambönd Evrópu gera til EGA og hugmyndir um breytingar á félagsgjöldum til EGA. Haukur kynnti fyrir fundinum hvernig vinnu miðar við WHS (alheimsförgjafarkerfið) og hver muni halda utan um kerfið, sem á að taka gildi í janúar 2020. Haukur sagði að langflestar þjóðir hefðu lýst yfir ánægju með WHS.

Tillaga var lögð fram þess efnis að IT nefnd sambandsins, ásamt vallarmatsnefnd, verði falið að skoða sérstaklega innleiðingu á WHS fyrir hönd sambandsins. Tillagan var samþykkt einróma.

Einnig sagði Haukur frá umræðum um áhugamennskuréttindi í golfíþróttinni og hugsanlegar breytingar á þeim í nánustu framtíð.

3. HM í golfi 2018

Rætt var gengi íslensku landsliðanna á heimsmeistaramótinu, sem lauk nýverið á Írlandi. Haukur Örn var viðstaddur mótið í karlaflokki og sagði frá sinni upplifun á mótsstað. Íslenska karlalandsliðið endaði í 35.-36. sæti af 72 þjóðum og kvennalandsliðið í því 39. af þeim 57 þjóðum sem tóku þátt. Árangurinn var undir væntingum afreksstjóra GSÍ. Heimsmeistaramótið verður haldið eftir tvö ár í Hong Kong og eftir fjögur ár í París, Frakklandi.

Rædd var stefna GSÍ í því hvernig þátttöku okkar er háttað á alþjóðavettvangi. Einnig voru áherslur afreksstefnunnar ræddar.

Þá gerði Haukur fundarmönnum grein fyrir helstu umræðum á aðalfundi IGF (International Golf Federation), sem fram fór samhliða mótinu. Mátti þar helst nefna að



samþykkt var breyting þess efnis að frá og með 2024 yrði verður heimilt að halda mótið á einum golfvelli í stað tveggja, en það mun þýða að fjöldi þátttökupjóða verður verulega skertur frá því sem verið hefur.

4. Stefnumótunarvinna í starfsnefndum

Brynjar Eldon fór yfir vinnulag starfsnefnda og lýsti framvindu mála í þeirri vinnu sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði. Brynjar lagði fram tillögu að vinnuáætlun, sem samþykkt var, og mun vinna við undirbúning nýrrar stefnumótunar hefjast að krafti á næstu dögum. Til stendur að kynna fyrstu skref vinnunnar á formannafundi í nóvember.

5. Mótahald sumarsins

Hörður Geirsson formaður mótanefndar GSÍ skýrði frá helstu umræðum í mótanefnd GSÍ eftir sumarið og hvaða vinnu nefndin stæði frammi fyrir í vetur. Umræður um framtíðarsýn móthalds voru teknar í framhaldinu - hvert á hlutverk GSÍ í mótahaldi að vera til framtíðar ?

6. Vinna við Golf.is

Bergsteinn Hjörleifsson formaður IT nefndar, fór yfir vinnu tengdri Golf.is vefnum á síðustu mánuðum og hvaða vinna framundan er í tengslum við grunnvirkni og nýjungar. Hörður Geirsson óskar eftir aðkomu allra starfsnefnda við stefnumótun IT nefndar þar sem þarfir nefnda á vefnum eru margvíslegar. Fundarmenn voru sammála því.

7. Formannafundur í Grindavík 24. nóvember

Rædd voru drög að dagskrá formannafundar og var Brynjari og Hauki falið að vinna í dagskránni og senda á stjórnarmenn á næstu dögum.

8. Önnur mál

- Styrktarumsókn frá GN f.h. Brynjars Arnars Rúnarssonar, Brynjari og Hauki Erni falið að skoða málið.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:35